

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Allrahæst auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendi ríkiserfingja í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 28. septbr. 1896 (A. nr. 16, bls. 64—65).

Auglýsing um mislingasótt á Færeyjum o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 9. nóvbr. 1896 (A. nr. 17, bls. 66—67).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um mæling 148 skipa. — Verzlunarfjelaði P. J. Thorsteinsson & Co. hefir í brjefi 18. f. mán. 23. okt. beiðst úrlausnar minnar um það, hvort eigi verði hjá því komizt, að pilskip þess verði mæld, og, ef eigi verði hjá því komizt, hvort það sje þá eigi leyflegt, að það sje gjört á Bildudal, þar sem skipin standi tóm á landi.

Út af þessu er yður, herra sýslumaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að mæla ber öll skip og báta, sem eiga heima á Íslandi, og eru meira en 12 smálestir að rúmmáli, nema þau hafi áður löglegt mælingarbrjef, sbr. 1. gr. tilskipunar handa Íslandi um skipamælingar, 25. júní 1869, en að það er gert ráð fyrir því í 19. gr. nefndrar tilskipunar og 8. gr. laga nr. 2, frá 2. febr. 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl., að mælingin fari fram annarsstaðar en þar, er sýslumaður eða bæjarfógeti á heima, enda her þá eigendum skipanna að greiða ferðakostnað hlutaðeiganda embættismanns, auk dagpeninga, 4 kr. um hvern dag, er hann þess vegna verður að vera fjærverandi frá heimili sínu.

Brjef landshöfðingja til biskups um sameining 2 sókna, og niðurlagning 2 kirkna 149 og bygging einnar í hennar stað. — Eptir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og lög- 18. nóv. legri ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 18. septbr. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dagsettu í gær, og með skírskotan til 4. gr. í lögum nr. 3, frá 27. febr. 1880, leggja samþykki mitt á, að kirkjurnar að Eyvindarmúla og Teigi í Fljótshlíð, sem hlutaðeigandi söfnuðir hafa tekið að sjer, verði lagðar niður, þannig:

- 1., að Eyvindarmúlasókn og Teigssókn sameinist, og heiti hin sameinaða sókn Hlíðarendasókn;
- 2., að byggð verði að Hlíðarenda í Fljótshlíð hæfilega stór og sæmileg kirkja fyrir Hlíðarendasókn á kostnað safnaðarins, og tilfalli hinni nýju kirkju tekjur þær, er áður hafa tilfallið Eyvindarmúlakirkju og Teigskirkju;
- 3., að skruði og áhöld (ornamenta og instrumenta) Eyvindarmúlakirkju og Teigskirkju hverfi til hinnar fyrirhuguðu Hlíðarendakirkju.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

29. dag nóvembermán. 1896.